



## AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGS HORNAFJARÐAR 2012-2030

Endurskoðun stefnu um uppbyggingu til ferðaþjónustu og stakar framkvæmdir á landbúnaðar- og óbyggðum svæðum.

30.10.2019



**SAMÞYKKTIR**

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar

þann \_\_\_\_\_

---

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

þann \_\_\_\_\_

---

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

**BREYTING AÐALSKIPULAGS****VERKNR. 2525 - 019**

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Kamma Dögg Gísladóttir	04.06.18	Ásgeir Jónsson	10.07.18		
	Guðrún Lára Sveinsdóttir		Brynja Dögg Ingólfssd.	27.11.19		
			Eva Dís Þórðard.	1.11.19		
			Ásgeir Jónsson	1.11.19		

## EFNISYFIRLIT

1	ALMENNT	4
1.1	Aðdragandi	4
1.2	Markmið breytingar	4
1.3	Forsendur	4
1.4	Gildandi aðalskipulag	6
2	TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	8
2.1	Landsskipulagsstefna	8
2.2	Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs	8
2.3	Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi	9
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	10
3.1	Skipulags- og matslýsing breytingar	10
3.2	Breyting í greinargerð	10
3.2.1	Uppbygging vegna ferðaþjónustu í sveitum, kafli 7.1.1	10
3.2.2	Samgöngur - Stefna kafli 9.1	11
3.2.3	Íbúðarbyggð á Höfn, kafli 14.1	11
3.2.4	Verslun og þjónusta (VÞ), kafli 16	11
3.2.5	Landbúnaðarland, kafli 30	12
3.3	Nýr kafli í greinargerð	12
3.3.1	Kafli 30.2 Stakar framkvæmdir	12
4	UMHVERFISSKÝRSLA	13
4.1	Vægi umhverfisáhrifa	13
4.2	Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið	14
4.2.1	Stakar framkvæmdir	15
4.3	Niðurstaða sveitarstjórnar	16
5	HEIMILDIR	17

## MYNDASKRÁ

Mynd 1. Megin seglar ferðaþjónustu í sveitarfélaginu Hornafirði. \_\_\_\_\_ **Villa! Bókamerki ekki skilgreint.**

## 1 ALMENNT

Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 var samþykkt í bæjarstjórn þann 3. apríl 2014 og staðfest af Skipulagsstofnun þann 18. september 2014. Breytingin felst í endurskoðun á völdum köflum í greinargerð en ekki endurskoðun á uppdráttum. Áður hafa verið staðfestar alls 10 breytingar á aðalskipulaginu frá staðfestingu.

Aðalskipulagsbreytingin verður send á umsagnaraðila á auglýsingartíma, m.a. á Umhverfisstofnun, Ferðamálastofu, Veðurstofunnar, Heilbrigðiseftirlit Austurlands og eftir atvikum til fleiri aðila.

### 1.1 Aðdragandi

Aðalskipulagsbreytingin er m.a. fram komin vegna tillagna sem birtast í forsenduskýrslunni „Sveitarfélagið Hornafjörður – Ferðamál“ sem unnin var fyrir sveitarfélagið af EFLU verkfræðistofu og kom út í apríl 2018. Markmið skýrslunnar var að skoða málaflokkinn ferðamál frá mörgum hliðum, bæði út frá umhverfi og ýmsum innviðum sveitarfélagsins. Í skýrslunni var gerð grein fyrir stöðu mála í dag og helstu gögnum sem unnin hafa verið á sviði ferðamála. Mikil fjölgun er í ferðum gesta um sveitarfélagið enda eru fjölmargir áhugaverðir staðir innan sveitarfélagsins. Það er vilji til að bregðast við þeirri fjölgun og styrkja ákveðin svæði þar sem umferð er mest, samhliða því að efla ný svæði til að taka við meiri fjölda ferðafólks. Þá er æskilegt að endurskilgreina heimildir til uppbyggingar aðstöðu á landbúnaðarlandi og óbyggðum svæðum, í tengslum við ferðaþjónustu til að hafa betri yfirsýn yfir þjónustu við ferðafólk á svæðinu og bæta upplýsingagjöf og öryggi fólks á ferð um svæðið.

Í aðalskipulagsbreytingu þessari verður gerð grein fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegt þykir að fara í, á þessu stigi út frá forsenduskýrslunni.

### 1.2 Markmið breytingar

Megin markmið breytingarinnar er að fara yfir skilmála um ferðaþjónustu með nýjar forsendur og viðmið í huga. Skilgreina hverskonar þjónustu og í hve ríkum mæli á að heimila utan skilgreindra þjónustusvæða. Þar er bæði horft til uppbyggingar sem beint tengist ferðaþjónustu sem og annarrar þjónustu s.s. uppsetningu fjarskiptamastra, upplýsingagjöf og fleira.

### 1.3 Forsendur

Forsendur fyrir breytingu aðalskipulags er að ferðamönnum hefur fjölgað mikið í sveitarfélaginu á síðustu árum og er ferðaþjónusta orðin ein af undirstöðuáttvinnugreinum í sveitarfélaginu. Þjónusta við ferðamenn hefur aukist og víða er rekin fjölbreytt ferðaþjónusta og má þar helst nefna veitingasölu, gístiaðstöðu, jöklaferðir, ísklifur, gönguferðir, hjólaferðir, bátsferðir, fuglaskoðun, tjaldstæði, söfn, handverkssölu og fleira. Nokkrir af fjölsóttustu ferðamannastöðum landsins eru í sveitarfélaginu, eins og Jökulsárlón á Breiðarmerkursandi, Skaftafell, Ingólfshöfði, Skálafellsjökull og Lónsöræfi.

Markaðsstofa Suðurlands hefur unnið DMP stefnumótandi stjórnunaráætlun á sviði ferðaþjónustu fyrir Suðurland. Þar kemur m.a. fram að mikilvægt er að ferðaþjónustan, sem skapar efnahagsleg verðmæti, þróist í sátt við samfélagið og náttúru. Ferðaþjónusta sem atvinnugrein hefur vaxið hratt á undanförunum árum og sé henni rétt stýrt getur hún skapað töluverðan hagrænan, félagslegan og umhverfislegan ábata fyrir samfélög um land allt. Mikilvægt er að leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum ferðaþjónustu um leið og tryggt sé að jákvæð áhrif hennar skili sér til samfélags heimamanna. Í skýrslunni var Suðurlandi skipt í vestursvæði, Kötlu jarðvang og Vestamannaeyjar og Ríki Vatnajökuls. Ríki Vatnajökuls er Sveitarfélagið Hornafjörður. Staðan á svæðinu er metin svo að ferðamönnum hefur fjölgað yfir vetratímam og fjölbreytni í afþreyingu hefur aukist, sérstaklega tengd jöklinum. Svæðið er talið hafa sterka ímynd sem humarbær, góður matur, jöklar, norðurljós og náttúruperlur eru hugtök sem eru efst á baugi. Þar eru lagðar til ýmsar aðgerðir og endurbætur á svæðinu vegna ferðamannastraumsins s.s. endurbótum á vegakerfi og að útrýma verði einbreiðum brúm. Talin er þörf á betri og fleiri áningarstöðum og salernum. Einnig er talin þörf á eflingu grunnþjónustu s.s. heilbrigðisþjónustu, löggæslu o.fl. auk þjónustu fyrir íbúa og innviði s.s. leikvelli og göngustíga, skilti o.fl. Líta þarf til dreifingar ferðamanna og stýringar á umferð þeirra um sveitarfélagið og betri samvinnu milli stofnana, stjórnvalda og einkaaðila.<sup>1</sup>

Í skýrslunni *Markaðsgreining og markaðsleg stefnumótun fyrir áfangastaðinn Suðurland* sem unnin var fyrir Markaðsstofu Suðurlands kemur fram að flestir ferðamenn sem koma til Íslands ferðast um Suðurland. Í skýrslunni er Suðurlandi skipt upp í þrjú svæði, suðvestur-, mið- og austursvæði. Austursvæðið nær frá Lómagnúpi í vestri og að Hvalnesi í austri og er fjölbreytt náttúra þar höfuðástæða þess að ferðamenn sækja á svæðið. Helstu styrkleikar suðaustursvæðisins er mikill fjölbreytileiki, margt að sjá, gott aðgengi að áhugaverðum stöðum, hátt þjónustustig og fjölbreytt gistiþláss. Þá hefur einnig orðið mikil aukning á umferð um svæðið sem hefur í för með sér minna umferðaröryggi.<sup>2</sup>

Ferðamáti erlendra ferðamanna hefur breyst mikið á síðustu árum. Sumarið 1996 skiptust ferðmenn nánast í tvo jafnstóra hópa, voru annarsvegar í skipulögðum hópferðum og hinsvegar á eigin vegum. Sumarið 2015 var hlutfall þeirra sem ferðast í skipulagðri hópferð um 13% og 71% voru á eigin vegum, 16% voru í svokölluðum „self drive“ þar sem gisting var bókuð fyrirfram af ferðaskrifstofum en ferðamennirnir keyra sjálfir á milli staða.<sup>3</sup>

Samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu hefur gistinóttum á Suðurlandi fjölgað talsvert minna en á landinu öllu, sem gefur tilefni til að nýta betur þau tækifæri sem felast á Suðurlandi.

Í skýrslu Rögnvaldar Guðmundssonar, sem kom út árið 2016, um ferðamenn í Austur-Skaftafellssýslu 2004-2015 má finna ýmsar upplýsingar um áætlaðan fjölda þeirra sem sækja sveitarfélagið heim. Árið 2015 er áætlað að um 36% erlendra ferðamanna sem komu til Íslands hafi komið í Austur-Skaftafellssýslu. Þetta eru um 464 þúsund ferðamenn en voru um 106 þúsund árið 2004. Mikil fjölgun varð árið 2016 þegar um 41% erlendra ferðamanna komu í sveitarfélagið og fjölgaði þá gistinóttum talsvert.

<sup>1</sup> Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi, apríl 2017- maí 2018.

<sup>2</sup> Manhattan Marketing, „Markaðsgreining og markaðsleg stefnumótun fyrir áfangastaðinn Suðurland“.

<sup>3</sup> Rögnvaldur Guðmundsson, „Erlendir ferðamenn í Austur-Skaftafellssýslu og að stöðum þar 2004-2015.“

Þessar tölur sýna að hlutfall erlendra ferðamanna sem heimsóttu Austur-Skaftafellssýslu jókst um 24% á þessum tíma. Áætlað er á þessu tímabili hafi fjöldi ferðamanna sem heimsóttu sýsluna þrefaldast yfir sumarmánuðina, farið úr 91 þúsund í 272 þúsund en nær 13 faldast yfir vetrarmánuðina, úr 15 þúsund í 192 þúsund. Hlutfallið milli gistinátta að sumri og vetri hefur að sama skapi breyst mjög mikið en árið 2015 voru um 32% gistinátta utan sumars en einungis 9% árið 2004.<sup>4</sup>

Töluverður breytileiki er í dreifingu ferðamanna um sveitarfélagið og um það bil helmingur erlendra ferðamanna sumarið 2016 kom í Skaftafell og Jökulsárlón. Einungis um þriðjungur þessara ferðamanna fór alla leið austur á Hornafjörð eða tæp 17%. Sömu sögu má segja um vetrarmánuðina 2016 en þá var áætlað að um 28% erlendra ferðamanna hafi komið í Skaftafell og rúmlega 30% að Jökulsárlóni en einungis 9% alla leið austur á Hornafjörð.<sup>5</sup>

Sveitarfélagið lét vinna skýrslu, um ferðaþjónustu í sveitarfélaginu, dags. í apríl 2018, þar sem m.a. var safnað saman gögnum frá sveitarfélagi og fleiri aðilum eins og Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Hagstofunni. Þar kemur fram að mikil aukning hefur verið í ferðum gesta um sveitarfélagið og síðustu ár hefur orðið mikil aukning í ferðum yfir vetrartímamann. Framboð á gistingu í sveitarfélaginu er fjölbreytt og allt frá hótelum yfir í heimagistingu. Samkvæmt upplýsingum frá Sveitarfélaginu Hornafirði í desember 2016 voru alls 979 gistirými skráð í sveitarfélaginu með samtals 2.233 gistipláss, auk nokkurra gististaða þar sem fjöldi gistirýma er ekki gefinn upp. Í sveitarfélaginu eru skráð 9 hótel og 25 gistiheimili. Fjöldi aðila með heimagistingu er nokkuð óljós en á fjórum stöðum er gefinn upp fjöldi gistirýma. Farfuglaheimili, gistiskálar og svefnpokapláss eru á a.m.k. 8 stöðum og gistirýmafjöldi er gefinn upp fyrir 11 íbúðir. Samkvæmt nógildandi aðalskipulagi eru 8 tjaldstæði og skv. upplýsingum frá HAUST 2017 er fjöldi pláss á tjaldstæðum allt að 1.400. Samkvæmt tölum HAUST frá 2018 eru um 89 gististaðir með starfsleyfi fyrir allt að 2.460 gistirými í sveitarfélaginu.

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni var heildarfjöldi gistinátta erlendra ferðamanna í Sveitarfélaginu Hornafirði um 150.000 árið 2011, rúmlega 267.500 árið 2015, 320.200 árið 2016 og kominn í rúmlega 390.000 árið 2017.

#### 1.4 Gildandi aðalskipulag

Í gildandi Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030<sup>6</sup> er það stefna sveitarfélagsins að efla uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu, sem er einn megin vaxtarbroddur í atvinnulífi sveitarfélagsins. Eftirfarandi kemur fram sem eitt af megin stefnumarkmiði í aðalskipulagi:

*„Stefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar er að auka þátt ferðaþjónustu í atvinnulífi og menningu í sveitarfélaginu og að aðalskipulag stuðli að því.“<sup>7</sup>*

Þar er talið mikilvægt að sameina krafta og brúa bil á milli landeigenda, fyrirtækja, einstaklinga og stofnanna sem vinna að eflingu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Skipuleggja aðgerðir og

<sup>4</sup> Rögnvaldur Guðmundsson.

<sup>5</sup> Ferðamálastofa, „Áætlaður fjöldi á svæðum og stöðum“.

<sup>6</sup> VSÓ ráðgjöf, „Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030“.


<sup>7</sup> VSÓ ráðgjöf.



mannvirkjagerð vegna ferðapjónustu til að tryggja nauðsynlega verndun aðdráttaraflsins – náttúru, menningu og menningarlandslags – og uppbyggingu til að standast álag og stjórna framvindu. Það er stefna sveitarfélagsins að efla uppbyggingu í tengslum við ferðapjónustu og samkvæmt gildandi aðalskipulagi segir að:

*„Stefna aðalskipulagsins er að í sveitunum verði stundaður fjölbreyttur landbúnaður og ferðapjónusta í auknum mæli. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda skal höfð að leiðarljósi, áhersla er lögð á að vernda ræktanlegt land og sérstæða náttúru svæðisins með það að markmiði að bæta lífskjör og lífsgæði íbúa. Stuðla skal að sjálfbærri þróun samfélags í sveitum sveitarfélagsins með auknum félagslegum og efnahagslegum ávinningi af vaxandi straumi ferðamanna sem sækja náttúruperlur svæðisins heim.“<sup>8</sup>*

Aðalskipulagið markar einnig stefnu um „megin-segla“ (**Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.**) sem ferðapjónustan byggist upp í kringum. Einn liður í því er að gera almenningi fært að njóta náttúru og menningar á þessum svæðum, bregðast við álagi, vekja athygli á fleiri stöðum en þeim mest sóttu og þ.a.l. dreifa álagi og umferð.



**Mynd 1.** Megin seglar ferðapjónustu í sveitarfélaginu Hornafirði.

<sup>8</sup> VSÓ ráðgjöf.

## 2 TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við vinnslu þessarar breytingar er horft til eftirfarandi áætlana:

### 2.1 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna 2015 - 2026 er unnin á grundvelli laga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af Landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim. Eftirfarandi kemur fram í stefnunni og verður horft til þess við gerð aðalskipulagsbreytingarinnar:

*„1.2 Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi*

*Uppbygging ferðamannaáðstöðu stuðli að góðri aðstöðu ferðafólks á miðhálandinu, en jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar*

...

*2.4 Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi*

*Skipulag landnotkunar stuði að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.“<sup>9</sup>*

Jafnframt leggur Landsskipulagsstefna til að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar og miði jafnframt að því að uppbygging í ferðaþjónustu nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum. Áhersla er lögð á að álag á ferðamannastaði verði í samræmi við þol landsins og að vanda þurfi til móttöku ferðamanna og gera ráðstafanir til að draga úr ágangi á viðkvæma náttúru. Þá er áréttað mikilvægi þess að uppbygging ferðamannastaða taki mið af þoli svæða gagnvart uppbyggingu og jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar.

### 2.2 Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs

Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs er stefnumótandi áætlun sem stjórnendur Vatnajökulþjóðgarðs styðjast við þegar ákvæðanir eru teknar um stjórnun og skipulag þjóðgarðsins. Til þess að áætlunin gangi eftir er leitast við að framfylgja ákveðnum starfsmarkmiðum. Við gerð þessarar skipulagsáætlunar er horft til eftirfarandi starfsmarkmiða:

- *„Tryggja verndun samfelldra, heilstæðra og fágætra jarðmyndana og stýra umferð um þær.“*
- *„Til viðbótar þarf gott skipulag og fræðslu því að margar þessara jarðmyndana, sem draga mikinn fjölda gesta, eru mjög viðkvæmar fyrir umferð manna um þær.“<sup>10</sup>*

<sup>9</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, „Landsskipulagsstefna 2015 - 2026“.

<sup>10</sup> Vatnajökulsþjóðgarður, „Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs 2018“.



Einnig er horft til eftirfarandi starfsmarkmiða áætlunarinnar:

- „Að þjónusta og aðstaða stuðli að ánægjulegri upplifun gesta.“
- „Að samgöngukerfi þjóðgarðsins sé í góðu samræmi og stýri för gesta.“
- „Að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu innan þjóðgarðsins og í jaðarbyggðum hans.“
- „Að stuðla að fræðandi ferðamennsku, með áherslu á náttúruskoðun.“<sup>11</sup>

### 2.3 Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi

Markmið áfangastaðaáætlunarinnar er að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem styrkir efnahag samfélagsins og bætir lífsgæði íbúa. Áætlunin veitir íbúum svæðisins besta mögulega tækifæri til að gera áætlun til framtíðar um að laða að þá ferðaþjónustu sem þeir vilja og draga úr möguleikum á neikvæðum áhrifum. Við gerð þessarar skipulagsáætlunar er meðal annars horft til eftirfarandi starfsmarkmiða:

- Aðalskipulag hafi skýra sýn á uppbyggingu ferðaþjónustu.
- Aðalskipulag hafi skýra sýn á staðsetningu og fjölda gististaða.
- Byggja upp í samræmi við fjölda íbúa og ferðmanna.
- Byggja upp þar sem þörfin er mest bæði miðaða við fjölda ferðamanna, samfélagið og náttúruna.

Einnig er horft til eftirfarandi þátta:

- Skipulag byggir á náttúruvernd, verndun menningarminja og umhverfisvænum kostum.
- Aðalskipulag sveitarfélaga taki mið að náttúru- og minjarvernd, umhverfisvænum kostum og setji sér stefnu um þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu.
- Aðalskipulag sveitarfélaga hafi skýra sýn og markmið um uppbyggingu gististaða.
- Í aðalskipulagi sveitarfélaga sé hugað að jafnvægi milli veitingarstaða, gistimöguleika og afþreyingar.
- Svæði/sveitarfélög skilgreini sig sem ferðaþjónustusvæði.
- Sérstaða hvers svæðis dregin fram.
- Skipulag gefi svigrúm fyrir aukna vernd.
- Setja fram skýra reglur varðandi umgengi í náttúru Íslands.
- Setja fram skýrar reglur um gistingu í íbúðarbyggð.
- Huga að sjónrænum áhrifum í uppbyggingu.
- Auka fjölbreytni í atvinnumöguleikum.

<sup>11</sup> Vatnajökulsþjóðgarður.

## 3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

### 3.1 Skipulags- og matslýsing breytingar

Skipulags- og matslýsing vegna breytingarinnar var tekin fyrir hjá bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 12. október 2017. Lýsingin var kynnt og send til umsagnaraðila.

Umsagnir bárust frá tveimur aðilum: Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Skipulagsstofnun.

Ábendingar snérust meðal annars um að endurskoða mörk gistirýma með hliðsjón af reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, fjalla um áhrif á vatnakerfi vegna endurskoðunar, gera grein fyrir samlegð og samhengi við vinnu sveitarfélagsins að DMP stjórnunaráætlun fyrir ferðapjónustu, fjalla þar um áhrif sem ferðapjónustan sem atvinnugrein getur haft á samfélag og fleira.

### 3.2 Breyting í greinargerð

Samþykkt var breyting á kafla 7.1.1. og kafla 14. 1. í aðalskipulagi sveitarfélagsins dags. 9. apr. 2015, auglýst í B-deild stjórnartíðinda þann 19.05.2015.

#### 3.2.1 Uppbygging vegna ferðapjónustu í sveitum, kafli 7.1.1

##### ***Núverandi texti:***

Stefna aðalskipulagsins er að ferðapjónusta í sveitum Hornafjarðar verði aukin og eftir atvikum samþætt landbúnaði á lögbýlum.

Ferðapjónusta, svo sem gisting og greiðasala, innan tiltekinna stærðarmarka meðfram búskap, skal teljast hluti landbúnaðar á lögbýlum. Heimilt er að selja gistiþjónustu í flokki 1, gistirými í heimagistingu, í íbúðarhúsum sem hafa verið reist á bújörðum. Heimagisting er heimil í allt að sextán herbergjum, fyrir þrjátíuogtvo gesti í tveimur íbúðarhúsum eða fleiri – skv. starfsleyfisskilyrðum fyrir gististaði, heimagistingu gefnum út af Umhverfisstofnun 01.09.2007, uppfærð í maí 2010 og því að umfang starfseminnar samrýmist staðháttum. (Að hámarki 8 herbergi fyrir sextán gesti til heimagistingar í hverjum matshluta).

Þar sem umfangsmeiri starfsemi er áformuð, 17 gistirými eða fleiri eru skilgreind „verslunar- og þjónustusvæði“. Þetta á meðal annars við um nokkra staði þar sem er gert ráð fyrir hótélrekstri í sveitum.

##### ***Breyttur texti:***

Stefna aðalskipulagsins er að ferðapjónusta í sveitum Hornafjarðar verði eflað og eftir atvikum samþætt landbúnaði.

Ferðapjónusta, svo sem gisting og greiðasala, innan tiltekinna stærðarmarka meðfram búskap, skal teljast sem hluti landbúnaðar þar sem er föst búseta. Heimilt er að selja gistiþjónustu í flokki 1 og 2 sbr. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Heimilt er að nýta núverandi

byggingar með breytingum og/eða takmarkaðri viðbótaruppbyggingu fyrir gistingu í allt að 16 herbergjum, fyrir 32 gesti.

Það sem umfangsmeiri starfsemi er áformuð, skal skilgreina landnotkun sem „verslunar- og þjónustusvæði“

### **3.2.2 Samgöngur - Stefna kafli 9.1**

#### ***Núverandi texti:***

Stefna skipulagsins er að stuðla að öflugum og öruggum samgöngum innan sveitarfélagsins og yfir í aðra landshluta. Gert er ráð fyrir breytingum á Hringvegi til að stytta leiðir og stuðla að auknu umferðaröryggi. Áfram verður stefnt að stækkun Hornafjarðarhafnar – Faxeyrarhöfn, sem er grundvöllur fyrir sterku atvinnulífi í sveitarfélaginu.

#### ***Breyttur texti :***

Stefna skipulagsins er að stuðla að öflugum og öruggum samgöngum innan sveitarfélagsins og yfir í aðra landshluta. Gert er ráð fyrir breytingum á ringvegi til að stytta leiðir og stuðla að auknu umferðaröryggi. Sveitarfélagið leggur því ríka áherslu á að breikka allar núverandi einbreiðar brýr á þjóðvegi 1 á skipulagstímabilinu. Stefna aðalskipulagsins er að efla tíðni almenningsgangna til og frá sveitarfélaginu m.a. til að auka fjölbreyttni ferðamáta fyrir heimamenn en ekki síður ferðafólk sem sækir svæðið. Áfram verður stefnt að stækkun Hornafjarðarhafnar – Faxeyrarhöfn, sem er grundvöllur fyrir sterku atvinnulífi í sveitarfélaginu.

### **3.2.3 Íbúðarbyggð á Höfn, kafli 14.1**

#### ***Núverandi texti:***

Ekki er heimilt að selja gistiþjónustu í flokki 1, gistirými í heimagistingu í íbúðarbyggð á Höfn, í meira en fjórum herbergjum í íbúð – að uppfylltum starfsleyfisskilyrðum fyrir gististað, heimagistingu, gefnum út af Umhverfisstofnun 01.09.2007, uppfærðum í maí 2010, og því að umfang starfseminnar samrýmist staðháttum svo sem að næg bílastæði séu til staðar.

#### ***Breyttur texti:***

Ekki er heimilt að selja gistiþjónustu í íbúðarbyggð umfram 5 herbergi (10 gestir) sbr. 4 gr. reglugerðar nr. 1277/2016 (liður c – minna gistiheimili). Gera skal ráð fyrir bílastæðum innan lóðar, 0,8 stæði fyrir hvert herbergi.

### **3.2.4 Verslun og þjónusta (VP), kafli 16**

#### ***Núverandi texti:***

Vaxtarbroddur í verslun og þjónustu í sveitarfélaginu er einkum á sviði ferðaþjónustu, og mikil eftirspurn eftir gistirými. Áhersla er því lögð á að halda reiðu á fjölgun gistirýma og staðsetningu þeirra, meðan fjallað er um heimildir til annarrar uppbyggingar með almennari hætti.

### **Breyttur texti:**

Vaxtarbroddur í verslun og þjónustu í sveitarfélaginu er einkum á sviði ferðaþjónustu, og mikil eftirspurn eftir gistingu. Ferðaþjónustufyrirtæki eru hvött til að miðla til gesta umhverfisáherslum sveitarfélagsins, upplýsingum um flokkun sorps og umgengi um náttúru landsins. Áhersla er lögð á að halda reiðu á fjölgun gistirýma og staðsetningu þeirra, meðan fjallað er um heimildir til annarrar uppbyggingar með almennari hætti. Þar sem fjallað er um gistirými í skipulaginu er almennt miðað við að eitt gistirými rúmi tvo næturgesti nema annað sé tekið fram.

### **3.2.5 Landbúnaðarland, kafli 30**

#### **Núverandi texti:**

Stefnt er að aukinni ferðaþjónustu í sveitum Hornafjarðar og að hún verði eftir atvikum samþætt landbúnaði á lögbýlum. Ferðaþjónusta, svo sem gisting og greiðarsala, innan tiltekinna stærðarmarka meðfram búskap, skal teljast hluti landbúnaðar á lögbýlum ef til hennar er notað húsnæði sem reist hefur verið til búrekstrarins – íbúðar- og útihús, allt að 16 gistirými.

#### **Breyttur texti:**

Stefnt er að aukinni ferðaþjónustu í sveitum Hornafjarðar og að hún verði eftir atvikum samþætt landbúnaði á lögbýlum, sbr. breyttur kafli 7.1.1. (sjá kafla 3.2.1)

### **3.3 Nýr kafli í greinargerð**

#### **3.3.1 Kafli 30.2 Stakar framkvæmdir**

Í grein 4.3.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, er fjallað um „*Hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt við smávirkjanir, litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamastur, stakar vindmyllur o.þ.h. Þetta getur einnig átt við um stök frístundahús, stök íbúðarhús og aðra mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búrekstur. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda.*“

Eftirtaldar framkvæmdir eru heimilar innan sveitarfélagsins án þess að afmarka landnotkun sérstaklega í aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfalli fyrir sig hvort og þá hvar eftirfarandi stakar framkvæmdir verða heimilaðar. Áfram verður gerð krafa um deiliskipulag eða eftir atvikum grenndarkynningu, framkvæmdaleyfi og/eða byggingaleyfi. Einnig geta framkvæmdir verið tilkynningarskyldar, í flokki B eða C, sbr. lög um umhverfismat nr. 106/2000 m.s.br.;

- **Fjarskiptamöstur.** Heimilt er í byggð og á óbyggðum svæðum að reisa allt að 20 m há fjarskiptamöstur ásamt allt að 20 m<sup>2</sup> aðstöðuhúsi, lögnum og vegum.

- **Litlar virkjanir.** Heimilt er að reisa allt að 200 kW virkjun til staðbundinnar orkunýtingar. Virkjun getur verið sólarsellur, vindmylla (allt að 20 m há), jarðhita eða vatnsaflsvirkjun ásamt því sem nýtingu fylgir s.s. stífla, miðlunarlón, lagnir, vegslóðar og allt að 20 m<sup>2</sup> stöðvarhús.
- **Upplýsinga- og þjónustusvæði.** Heimilt er að byggja upp áningarstaði við megin ferðaleiðir s.s. vegi, göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum útsýnisstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti, áningarhólf fyrir hesta og byggja allt að 35 m<sup>2</sup> aðstöðuhús fyrir snyrti-aðstöðu og/eða aðstöðu fyrir eftirlitsaðila.

Framkvæmdaaðili skal leggja fram til sveitarstjórnar afstöðumynd eða drög að deiliskipulagi þar sem fyrirhugaðri framkvæmd er lýst, til að hægt sé að taka afstöðu til hvort vinna skuli deiliskipulag eða leggja fram gögn til grenndarkynningar. Í hverju tilfelli verði lagt mat á líkleg áhrif á landslag, verndarsvæði, náttúru, minjar o.fl. Þá þarf að skoða sýnileika slíkra mannvirkja og meta mögulega hljóð- og lyktarmengun. Meðal annars verður tekið tillit til fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag. Leitast skal við að staðsetja stök mannvirki þannig að þau falli að landi og skerði ekki víðerni. Í öllum tilfellum skal afla tilskilinna leyfa, s.s framkvæmda- eða byggingaleyfis frá sveitarstjórn. Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðastærðir skulu taka mið af umfangi mannvirkis og starfsemi. Að jafnaði skulu lóðir vera undir 1,0 ha að stærð.

Þar sem stök mannvirki eru byggð skal ganga vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umhverfi taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem besta að nánasta umhverfi. Ganga skal vel frá lögnum, s.s. frárennsli, tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa og nægilegt neysluvatn sé aðgengilegt. Gera þarf grein fyrir frágangi á lóð, aðkomu og byggingum í byggingar-/framkvæmdaleyfisumsókn

Fyrir umfangsmeiri starfsemi skal skilgreina sérstaka landnotkun í aðalskipulagi.

## 4 UMHVERFISSKÝRSLA

Breytingin fellur undir framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki C í viðauka 1 í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og því skal gera umhverfisskýrslu skv. lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006. Umhverfismat er unnið samhliða breytingu aðalskipulags.

Metin eru áhrif breyttrar stefnu á uppbyggingu vegna ferðaþjónustu í sveitum og stakar framkvæmdir. Breyting á öðrum köflum eru breytt orðalag og/eða uppfærðar tilvitnanir í reglugerðir og því taldar minniháttar og ólíklegar til að hafa afgerandi áhrif á umhverfi. Heildar umfjöllun um umhverfisáhrif er að finna í kafla 4.3 um niðurstöðu sveitarstjórnar.

### 4.1 Vægi umhverfisáhrifa

Skilgreining á vægi umhverfisáhrifa er sett fram til að hægt sé að leggja mat á umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingarinnar. Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlaða segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Við

matið er notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu 1. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, engin eða óveruleg, óviss eða háð útfærslu

**TAFLA 1.** Skilgreining á vægi áhrifa.

VÆGI ÁHRIFA	SKÝRING
Jákvæð áhrif (+)	Stefna áætlunar hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Engin eða óveruleg áhrif (o)	Stefna áætlunar hefur engin eða ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Neikvæð áhrif (-)	Stefnan áætlunar hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Óvissa (X)	Ekki er vitað um eðli eða umfang áhrifa á umhverfisþáttinn. Skortur er á upplýsingum, tæknilegir annmarkar og/eða skortur á þekkingu.
Háð útfærslu (?)	Áhrif eru háð útfærslu á síðari stigum skipulags eða framkvæmda, s.s. á deiliskipulagsstigi og/eða framkvæmdastigi.

## 4.2 Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið

Í skipulagslýsingunni voru eftirfarandi umhverfisþættir skilgreindir og matsspurningar settar fram. Við mat á umhverfisáhrifum eru þessir matsþættir undir og áhrif á þá metin með ákveðin viðmið í lögum, reglugerðum og öðrum skjölum sem við á.

**TAFLA 2.** Umhverfisþættir og helstu matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	GRUNNGÖGN OG VIÐMIÐ
Jarðfræði og jarðmyndanir	Mun breytt stefna hafa áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 61. gr. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.
Gróður og dýralíf	Mun breytt stefna hafa áhrif á gróður og dýralíf – vistsvæði og plöntutegundir?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, kafli IX og áhersla á 61. gr. Reglugerð nr. 608/2008 um Vatnajökulsþjóðgarð. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.
Ásýnd og landslag	Mun breytt stefna hafa sjónræn áhrif? Mun breytt stefna hafa áhrif á náttúrulegt landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 69.gr. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Reglugerð nr. 608/2008 um Vatnajökulsþjóðgarð.
Samfélag	Mun breytt stefna hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Mun breytt stefna hafa áhrif á framboð landbúnaðarlands? Mun breytt stefna hafa áhrif á lífsgæði íbúa? Mun breytt stefna hafa áhrif á ferðamennsku?	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 – 2030. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026



UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	GRUNNGÖGN OG VIÐMIÐ
Minjar	Mun breytt stefna hafa áhrif á fornminjar? Mun breytt stefna hafa áhrif á náttúruminjar? Mun breytt stefna hafa áhrif á verndarsvæði?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Reglugerð nr. 608/2008 um Vatnajökulsþjóðgarð. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 – 2030. Náttúruminjaskrá.
Heilsa og öryggi	Mun breytt stefna hafa áhrif á tengingar við þjóðveginn út frá umferðaröryggi? Mun breytt stefna hafa áhrif á neysluvatnsöflun? Mun breytt stefna hafa áhrif á grunnvatn vegna fráveitumála? Mun breytt stefna hafa áhrif á hljóðvist?	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 – 2030.

#### 4.2.1 Stakar framkvæmdir

Sveitarfélagið setur fram stefnu varðandi stakar framkvæmdir í kafla 3.3. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Hornafjarðar 2012 – 2030, kafla 34.3, er heimilt *“að byggja smávirkjun sem [hefur] uppsett rafafli sem er undir 200 kW. Við byggingu smávirkjana þarf að hafa í huga áhrif á vatnsfallið, aðra landnotkun, fiska og veiði, ásýnd og lífríki.”*<sup>12</sup>

Lögð er áhersla á að stök mannvirki, þ.e. þau mannvirki sem eru í takmörkuðum eða engum tengslum við skilgreinda landnotkun eigi ekki alls staðar við og því er mikilvægt að skoða hvert tilfelli fyrir sig. Nauðsynlegt er að slík uppbygging sé í samræmi við skipulag og að hagsmunaaðilar viti af fyrirhugaðri framkvæmd og geti komið með ábendingar eða athugasemdir. Því er gert ráð fyrir að stök mannvirki séu ávallt í samræmi við deiliskipulag eða fari í grenndarkynningu og séu eftir atvikum háð framkvæmdaleyfi. Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum fellur stefna um vatnsaflsvirkjanir allt að 200 kW undir framkvæmdir í flokki C, sem tilgreindar eru í 1. viðauka laganna.

#### Umhverfismat

- **Valkostur 1** - heimilaðar eru stakar framkvæmdir.
- **Valkostur 2** - núll kostur; óbreytt skipulag, heimilar sem stakar framkvæmdir byggingu smávirkjunar, allt að 200 kW.

SAMANTEKT NIÐURSTÖÐU	JARÐFRÆÐI OG JARÐMYNDANIR	GRÓÐUR OG DÝRALÍF	ÁSÝND OG LANDSLAG	SAMFÉLAG	MINJAR	HEILSA OG ÖRYGGI
Valkostur 1						
Valkostur 2						

<sup>12</sup> VSÓ ráðgjöf, „Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030“.

### 4.3 Niðurstaða sveitarstjórnar

Þar sem ekki er um að ræða ræða breytingar á landnotkun eða mikilsháttar stefnubreytingar er það vilji sveitarstjórnar til að skerpa á ákveðinni stefnu út frá þróun ferðaþjónustu og fjölgun ferðafólks, sérstaklega hvað varðar öryggismál, bætt aðgengi og upplýsingamiðlun til ferðafólks.

Áherslur stefnunnar sem bætt hefur verið við til að mynda varðandi samgöngur eru taldar hafa óveruleg eða engin áhrif á flesta umhverfisþætti en jákvæð áhrif á t.d. samfélag og heilsu og öryggi. Jákvæðu áhrifin eru að kveðið er fastar á stefnu sveitarfélagsins, m.a. varðandi að breikka allar brýr á Þjóðvegi 1 og þá eftir atvikum að skoða með nýjar veglínur.

Með því að skýra heimildir til ferðaþjónustu á landbúnaðarlandi vill sveitarstjórn leitast við að styrkja atvinnugrundvöll í dreifbýli. Breytt stefna er talin hafa óveruleg áhrif á flesta umhverfisþætti þar sem áfram verða núverandi byggingar nýttar að mestu leyti. Helstu hugsanlega áhrif eru af aukingu ferðafólks með tilheyrandi umferð á vegum og á vinsælum ferðamannastöðum.

Stefna um stakar framkvæmdir er talin hafa óveruleg áhrif á flesta umhverfisþætti enda um smærri framkvæmdir að ræða sem ekki eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Áhrif á samfélag og heilsu og öryggi eru talin verða fremur jákvæð, einkum m.t.t. fjarskiptasambands fjarri byggð sem eykur til muna öryggi ferðafólks á svæðinu. Með stefnunni vill sveitarstjórn liðka fyrir minniháttar framkvæmdum með því að heimila þær án þess að skilgreina þurfi sérstaka landnotkun fyrir þær. Lögð er áhersla á að slíkar framkvæmdir séu alltaf í samræmi við deiliskipulag, lög um mat á umhverfisáhrifum og í samráði við hagsmunaaðila, þ.m.t. nágretta. Stefna gildandi aðalskipulags er m.a. að efla byggð „með áherslu á öryggi og efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir að leiðarljósi“<sup>13</sup> og stefnan styður við það með því að heimila uppbyggingu sem er m.a. til þess fallin að stuðla að bættum lífsgæðum og öryggi íbúa og/eða gesta.

---

<sup>13</sup> VSÓ ráðgjöf.

## 5 HEIMILDIR

EFLA, verkfræðistofa. „Sveitarfélagið Hornafjörður - ferðamál“, 2018.

Ferðamálastofa. „Áætlaður fjöldi á svæðum og stöðum“. Ferðamálastofa. Sótt 3. júlí 2018.  
<https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/aaetladur-fjoldi-a-svaedum-og-stodum>.

Manhattan Marketing. „Markaðsgreining og markaðsleg stefnumótun fyrir áfangastaðinn Suðurland“, 2016.

Markaðsstofa Suðurlands, 2018. *Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi, apríl 2017- maí 2018*. Ferðamálastofa.

Rögnvaldur Guðmundsson. „Erlendir ferðamenn í Austur-Skaftafellssýslu og að stöðum þar 2004-2015.“, e.d.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. „Landsskipulagsstefna 2015 - 2026“, 2016.

Vatnajökulspjóðgarður. „Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs 2018“, febrúar 2018.

VSÓ ráðgjöf, Gláma Kím. „Aðalskipulag Hornafjarðar 2012 - 2030, umhverfisskýrsla“, mars 2014.

„Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030“, júní 2014.